

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 5
105 Reykjavík

19. mars 2020

Efni: Umsögn Markaðsstofu Norðurlands - Frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Þann 6. mars síðastliðinn birti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Hefur Markaðsstofa Norðurlands (MN) farið yfir skjöl frumvarpsins og er með eftirfarandi ábendingar.

MN vill fyrst koma á framfæri að mikilvægt er að búið sé að taka þetta skref til breytinga á reglugerð og er sammála grundvallar breytingu frumvarpsins um að lögin stuðli að svæðisbundinni þróun sem sé byggt á skipulagi og áætlunum einstakra landshluta s.s. áfangastaðaáætlunar. Auk þess er MN sammála þeim forsendum að sjóðurinn styðji við stefnu sem byggir að stefnu stjórnvalda um sjálfbæra- og svæðisbundna þróun sem hefur verið ákveðin af hverju markaðssvæði fyrir sig í áfangastaðaáætlunum. Líka er mikilvægt að taka fram að frumvarpið á að styðja við uppbyggingu kaldari svæða sem og að við mat á umsóknum verði höfð að leiðarljósi efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhrif hvers verkefnis fyrir sig.

Hins vegar gerir MN athugasemdir við þær áherslur sem settar eru um ferðamannaleiðir út frá lögum nr. 20/2016, að ekki skuli vera litið til ferðamannaleiðar sem akvegur. Nú stendur yfir umræða hjá Vegagerðinni að skilgreina fyrir hvað ferðamannaleið stendur fyrir. Á Norðurlandi eru nú þegar tvær skilgreindar ferðamannaleiðir, annars vegar Norðurstrandarleið og hins vegar Demantshringurinn. Þá má nefna auk þess að Vestfirðir og Vesturland eru ný búin að tilkynna um nýja leið á þeirra svæði. Leggur MN það til að skilgreint verði hvaða skilyrði leið þurfi að uppfylla til þess að teljast ferðamannaleið, hvort sem um ræðir ferðamannaleið sem nær yfir akveg eða ferðamannaleið sem göngu-, reið- eða hjólaleið. Telur MN að með þessari áherslu sé verið að útiloka eina mest rísandi afþreyingu á Íslandi í dag. Er MN tilbúið til þess að koma að umræðu um þróun skilgreiningar sem á við ferðamannaleið hvort sem um ræðir akveg eða göngu-,reið-, eða hjólaleið.

Markaðsstofa Norðurlands áskilur sér rétt að koma með frekari umsagnir á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri